

Aðalfundur Golfklúbbs Akureyrar 2010

Haldinn að Jaðri 2. Desember kl 20:00

Halldór Rafnsson setti fundinn og bauð félaga velkomna. Minntist hann síðan félaga sem létust á árinu.

Dagskrá fundarins var:

1. Kosning fundarstjóra og ritara.
 2. Skýrsla formanns
 3. Kynning á endurskoðuðum ársreikningi félagsins.
 4. Umræður um skýrslu formanns og ársreikning sem síðan skal borinn upp til samþykktar.
 5. Umræða og atkvæðagreiðsla um lagabreytingar ef einhverjar eru.
 6. Kosning stjórnar og varamanna í stjórn - Kosning í nefndir á vegum klúbbsins.
 7. Tillaga stjórnar um árgjöld næsta árs.
 8. Kosning endurskoðenda.
 9. Önnur mál
1. Fundarstjóri var kosinn Guðmundur Lárusson og ritari Gunnar Vigfússon.
 2. Halldór Rafnson las skýrslu stjórnar og er vitnað til hennar sérprentaðrar.
 3. Arnar Árnason tók næst til máls og lagði fram endurskoðaða reikninga félagsins. Þar kom fram að rekstrartekjur ársins 2010 voru 78.495.619, en rekstrargjöld 74.463.083. Hagnaður var því 4.032.536 kr án fjármagnsliða. Eftir að hafa tekið tillit til fjármunatekna, fjármagnsgjalda, óreglulegar tekjur og (gjöld) þá reyndist hagnaður ársins 2.041.872 kr. Eignir samtals eru metnar á 47.022.139 kr. Eigið fé er 22.326.396 kr og skuldir samtals 24.695.743. Samtals skuldir og eigið fé 47.022.139 kr. Gjaldkerinn var ánægður með að sjá góða hækkun á tekjum á þessu rekstrarári, en einnig hækkuðu gjöldin mikið eða um 16%. Arnar vakti síðan athygli á því að veltufé frá rekstri var u.þ.b 5,5 milljónir á síðasta rekstrarári og það hefur lækkað um 3 milljónir á milli ára. Langtímaskuldir hafa lækkað, en skammtíma skuldir hafa hækkað vegna vélakaupa sem eftir eru að fjármagna. Hagnaður á veitingasölu var 400 þúsund og 600 þúsund af golfverslun.
 4. Opnað var fyrir umræður um skýrslu formanns og ársreikningana. Engar umræður og voru skýrsla formanns og reikningar félagsins samþykktir einróma.
 5. Engar tillögur um lagabreytingar komu fram.
 6. Kosningar í stjórn. Fundarstjóri spurði hvort einhverjar fleiri tilnefningar væru aðrar en þær sem koma frá uppstillinganefnd, en svo var ekki. Tillaga uppstillingarnefndar um stjórn er :

Aðalstjórn:	Formaður:	Halldór Rafnsson	eitt ár
	Varaformaður:	Rúnar Antonsson	fyrri ár
	Ritari:	Halla Berglind Arnarsd	seinna ár
	Gjaldkeri:	Arnar Árnason	fyrri ár
	Meðstjórnandi:	Örn Viðar Arnarson	seinna ár

Tillagan samþykkt samhljóða.

Varamenn í stjórn. 1. Varamaður: Gunnar Vigfússon seinna ár
2. Varamaður: Guðlaug M. Óskarsdóttir fyrra ár
Tillagan var samþykkt samhljóða.

Vallarnefnd : (GSÍ)

Formaður Örn Viðar Arnarson
Eyjólfur Ívarsson
Sverrir Þorvaldsson
Magnús Ingólfsson
Kjartan Sigurðsson
Heimir Jóhannsson
Jónas Bjarnason
Jón S. Hansen

Kappleikjanefnd : (GSÍ)

Formaður Gunnar Vigfússon
Stefán Haukur Jakobsson
Tryggvi Jóhannsson

Forgjafarnefnd : (GSÍ)

Formaður Tryggvi Aðalsteinsson
Stefán Jónsson
Fylkir Þór Guðmundsson

Aganefnd : (GSÍ)

Formaður Björn Axelsson
Ólafur Búi Gunnlaugsson
Aðalheiður Alfreðsdóttir

Í þessar GSÍ nefndir þarf að kjósa á aðalfundi og voru þessar tilnefningar samþykktar samhljóða.

Afreks & unglínganefnd:

Formaður Halla Brglind Arnarsdóttir
Jón Steindór Árnason
Ingi Torfi Sverrisson
Anna Einarsdóttir
Anton Ingi Þorsteinsson
Harpa Ævarsdóttir
Karen Ingimarsdóttir
Tómas Ólafsson
Golfkennari GA

Nýliðanefnd :

Formaður Guðlaug María Óskarsdóttir
Arinbjörn Kúld
Karl Guðmundsson
Eygló Birgisdóttir
Valmar Valjaots

Húsnefnd :

Formaður Kári Guðmundsson
Ingólfur Bragason
Kári Már Jósavinsson

Artic Open :

Formaður Guðmundur Ó. Pétursson
Jón Birgir Guðmundsson
Kristinn H Svanbergsson
Björn Gíslason
Framkvæmdastjóri GA

Orðunefnd:

Formaður Rúnar Antonsson
Svanhvít Ragnarsdóttir
Framkvæmdastjóri GA

Fjáröflunarnefnd:

Formaður Rúnar Antonsson
Friðrik Sigþórsson
Framkvæmdastjóri GA

Öldunganefnd:

Formaður Sunna Borg
Þórunn Anna Haraldsdóttir
Guðmundur E. Lárusson
Jóhann Jóhannsson

7. Arnar Árnason tók næstur til máls og fór yfir rekstraráætlun næsta árs og þar er reiknað með að árgjöld verði 30 milljónir, veitingasala hverfur og ekki verður tekið gjald fyrir skúrana undir golfbílana. Ný rekstraráætlun gerir ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði um 5 milljónir. Síðan fór Arnar yfir árgjöld næsta árs og tillaga stjórnar er sú að öll árgjöld hækki um 5000 kr og verði árið 2011:

Karlar	kr.61.000.-
Konur	kr.61.000.-
Unglingar 17-20 ára	kr.33.000.-
Unglingar.15-16 ára	kr.28.000.-
Unglingar 4 og yngri	kr.25.000.-
67. ára og eldri	kr.40.000.-

Hjónaafsláttur er 10%

Eindagi árgjalda er 1 maí 2011.

Eftir 1. maí reiknast dráttarvextir á útsenda seðla ásamt 2000.- vanskilagjaldi, sem leggst á síðasta seðil. Hægt verður að greiða með greiðslukorti og dreifa greiðslum. Ganga þarf frá þessu greiðslufyrirkomulagi fyrir 10 jan 2011.

Opnað var síðan fyrir umræður og Björn Axelsson spurðist fyrir um árgjöldin og skúrana. Arnar svaraði og árgjöldin hafa hækkað um 35% síðastliðin ár, sem er svipað og almennar verðhækkningar í landinu. Eiður Stefánsson spurðist fyrir um leigu á veitingasölu og svaraði Arnar því til að leiga verði rúkuð fyrir veitingasölu. Hallgrímur Arason kom með athugasemd um að það væri sjálfsagt að þeir aðilar sem notuðu golfbíla og hefðu aðstöðu fyrir skúra borguðu leigu fyrir áníðslu á vellinum og aðstöðu. Halldór Rafnsson svaraði þessum fyrirspurnum um skúrana og sagði að þessir skúrar þyrftu að fara vegna þess að þessir skúrar eru ekki á skipulagi Akureyrarbæjar og þess vegna færi ekki hægt að taka gjald fyrir þá.

Tillagan um árgjöldin voru samþykkt samhljóða.

8. **Skoðunarmenn ársreiknings:** voru síðan kosnir Sveinn Pálsson og John Júlíus Cariglia.

Kaffihlé.

9. Önnur mál.

Rúnar Antonsson kom fram og veitti viðurkenningar GA.

Holumeistari GA

1. Anton Ingi Þorsteinsson
2. Konráð Vestmann Þorsteinsson
3. Albert Hannesson

Fyrirmyndarkylfingur GA: Stefanía Kristín Valgeirsdóttir

Svanhvít Ragnarsdóttir fékk silfurmerki GA fyrir störf sín fyrir golfklúbbinn, Svanhvít sat í kappleikjanefnd árið 2000 og 2001. 2003 kemur hún í stjórn og er það ár tengiliður við unglínganefnd – hún hefur setið í stjórn síðan og tekið að sér ýmis störf fyrir klúbbinn og verið í orðunefnd undanfarin ár - afreksmerki fengu þeir Halldór Rafnsson, Þórhallur Pálsson og Hafberg Svansson, en þeir voru í öldungasveit GA, sem urðu íslandsmeistarar í sveitakeppni árið 2010.

Kylfingur GA árið 2010 er Örvar Samúelsson, en hann er klúbbsmeistari og stóð sig vel á íslandsmótinu í höggleik, lenti í 9 sæti og lækkaði forgjöf sína úr 2,3 niður í 0,3.

Halldór Rafnsson tók næstur til máls og fór yfir hvernig samningamál við Akureyrarbæ hafa gengið fyrir sig undanfarin ár. Upphaflega var gerður samningur upp á 30 milljónir árið 2006, en árið 2007 var gerður nýr samningur sem hljóðaði upp á 229 milljónir og átti framkvæmdum að vera lokið árið 2012. Í samningnum voru ákvæði um það að Akureyrarbær mætti losa allt að milljón rúmmetrum af jarðvegi á svæði golfvallarins og spara þannig bænum um 100 milljónir króna. Tvívegis hefur samningnum verið breytt og fjárhæðir færðar aftur og lengt í samningnum og núna 1 des síðastliðnum þá vill bærinn enn skera niður greiðsluna sem á að koma næsta vor niður um 20 milljónir. Halldór kom síðan inn á það að best væri ef við afhentum Ak-bæ golfvöllinn og leyfðum þeim að reka völinn. Halldóri var lofað, þegar við gerðum síðast breytingu á samningnum, að framkvæmdir við önnur íþróttamannvirki yrðu stöðvaðar, en það gekk ekki eftir.

Fulltrúi ÍBA Margrét Ólafsdóttir bað síðan um orðið og hvatti GA til góðra verka við uppbyggingu á unglíngastarfi félagsins og færði GA góðar óskir frá ÍBA.

Hallgrímur Arason kom síðan upp og þakkaði fyrir fallegan völl og þær framkvæmdir sem búnar voru. Sagðist vera stoltur fyrir að vera GA félagi og þakkaði stjórn og framkvæmdastjóra fyrir gott starf.

Fundastjóri bað þess að fundarritari gæti skilaði fundargerð síðar.

Fundargestir 43

Fundi slitið kl 21:40

Fundargerð ritaði

Gunnar Vigfússon